

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. nóvember 2011

Efni: Umsögn - Þskj. 12, 12. mál.

Samtökum lánþega hefur borist ósk frá nefndasviði Alþingis hvar send er til umsagnar Þingsályktunartillaga um úttekt á neytendavernd á fjármáلامarkaði.

Erindið barst skrifstofu Samtaka lánþega þann 24. október.

Samtökin fagna því frumkvæði löggjafans sem felst í framlagningu þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar. Þó vilja samtökin benda á atriði sem hafa þarf í huga, svo góð tillaga sem þessi verði ekki gerð illnothæf sökum stofnanavaðingar.

Fyrst ber að athuga að settar verði skýrar hæfisreglur vegna setu í téðri nefnd.

Í öðru lagi, þá þarf að skilgreina með ítarlegum hætti hvaða þekking er nauðsynlegt að til staðar sé hjá nefndaraðilum.

Og í þriðja lagi verður að gera athugasemd við að Talsmaður neytenda komi ekki að tilnefningu a.m.k. eins aðila við nefndina.

Hæfisreglur

Lagt er til að þingmenn taki til skoðunar hæfis skilyrði til setu í jafn mikilvægri nefnd og hér er um rætt. Þar ber sérstaklega að hafa í huga að nefndarmenn sem skipaðir eru til setu af öðrum en Samtökum fjármálafyrirtækja, hafi ekki tengsl inn í fjármálafyrirtækin eða fjármálakerfið. Slíkt væri gert til að tryggja óhlutdrægni og jafnframt að hámarka líkur á óumdeilanleika nefndaraðila.

Þekking

Mikilvægt er að sú þekking sem nýta þarf í störfum nefndarinnar sé skilgreind í upphafi og út frá því metið hveira kraftar nýtast tilgangi nefndarinnar best. Þau grundvallaratriði sem leggja á til eru:

1. Neytendaréttur á Íslandi
2. Neytendaréttur innan ESB
3. Neytendaréttur í Norður Ameríku
4. Refsiákvæði vegna brota á neytendarétti
5. Meðferð mála er varða brot á neytendarétti

Þá er mikilvægt að áhersla sé lögð á hlutlægt mat á gagnsemi neytendaréttar og þá sérstaklega hvort tilætluðum árangri hafi verið náð á öðrum sviðum hvar réttur neytenda hefur verið talinn fyrir borð borinn.

Rökin fyrir skilgreiningu sem þessari eru fyrst og fremst þau, að með markvissri forvinnu er tryggara að úrvinnsla nefndarinnar skili því sem telja má að til sé atlast skv. þingsályktunartillögu þeirri er hér er til umsagnar.

Tilnefningar


Að mati Samtaka lánþega er mikilvægt að Talsmaður neytenda komi að tilnefningu í tæða nefnd, enda telja samtökin að þar fari embætti sem eitt hefur sýnt áhuga á vernd neytenda gagnvart meintum brotum fjármálafyrirtækja. Með því er tryggt að opinbert embætti sem hefur með mál neytenda að gera, komi að nefndinni með beinum hætti, ásamt því að mikilvægt er að tryggja oddatölu nefndarmanna svo takmarka megi völd forseta nefndarinnar.

Niðurstaða

Samtök lánþega fagna framlagðri þingsályktunartillögu og hvetja þingheim til að samþykkja þá grunnhugsun sem kemur fram í tillögunni og greinargerð henni meðfylgjandi. Jafnframt þá hvetja samtökin til gagnrýninnna efnistaka við meðferð tillögunnar á þann hátt að framangreind atriði megi komast þar að og þar með tryggja háþörfun þess árangurs sem neytendur mega vænta af störfum nefndarinnar.

Með vinsemi,

f.h. Samtaka lánþega


Digitally signed by Guðmundur
Andri Skúlason
DN: cn=Guðmundur Andri
Skúlason, o=Samtök lánþega, ou,
email=gandri@lanthegar.is, c=IS
Date: 2011.11.09 22:59:11 Z

Guðmundur Andri Skúlason